



Mynd: Heyskapur í Hörgárdal – Áskell Þórisson

# Innviðir og búseta í sveitum

## Skýrsla starfshóps

Október 2016

# Efnisyfirlit

Efnisyfirlit.....	2
Formáli.....	3
Samantekt .....	4
1. Efling framleiðslu .....	6
2. Úrvinnsla matvæla – virðisauki og vöruþróun.....	7
3. Uppbygging innviða .....	7
a) Samgöngur.....	7
b) Fjarskipti .....	8
c) Raforka.....	8
d) Byggðaaðgerðir - Brothættar byggðir – sértækur stuðningur .....	9
4. Úrræði til að treysta fjárhag bænda .....	9
5. Nýliðun og ábúendaskipti á bújörðum .....	10
6. Umgjörð menntunar og þekkingar á sviði landbúnaðar.....	11
7. Önnur áhersluatriði .....	12
d) Skipulagsmál.....	13
e) Flutningskostnaður.....	14
f) Póstþjónusta .....	14

## Formáli

Í kjölfar gerðar og undirritunar búvörusamninga í upphafi árs 2016 ákváðu samningsaðilar að skipa starfshóp um að treysta innviði og búsetu í sveitum.

Í bókun sem fylgir rammasamningi segir svo:

*„Samningsaðilar eru sammála um að ráðast í starf sem miðar að því að treysta innviði og búsetu í sveitum. Í því felist meðal annars að finna skilgreindar leiðir sem stuðla að aukinni sjálfbærni sveitanna, eflingu framleiðslu og úrvinnslu matvæla ekki síst svo að meiri virðisauki verði í byggðunum. Sérstaklega verði skoðuð uppbygging innviða, svo sem samgangna, fjarskipta og raforku. Einnig möguleika sveitanna og framlag þeirra til þátttöku í aðgerðum vegna loftslagsmála. Þá verði litið til úrræða til að treysta fjárhag bænda og greiða enn frekar fyrir ættliðaskiptum á bújörðum. Til þess að koma þessu í framkvæmd mun sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra skipa samstarfsvettvang samningsaðila vorið 2016 sem hafi það að markmiði að gera tillögur um aðgerðir sem stuðla að ofangreindum markmiðum“.*

Starfshópurinn var skipaður með erindisbréfi dagsettu 7. júní 2016 og í honum áttu sæti:

- Eiríkur Blöndal, Jaðri, 311 Borgarnesi, formaður, tilnefndur af Bændasamtökum Íslands.
- Einar Ófeigur Björnsson, Lóni II, 671 Kópaskeri, tilnefndur af Bændasamtökum Íslands.
- Guðrún Lárusdóttir, Keldudal, 551 Sauðárkróki, tilnefnd af Bændasamtökum Íslands.
- Hrafn Hlynsson, Safamýri 21, 108 Reykjavík, tilnefndur af fjármála- og efnahagsráðuneytinu.
- Þórdís Friðbjörnsdóttir, Norðurbrún 7, 560 Varmahlíð, tilnefnd af landbúnaðar- og sjávarútvegsráðherra.

Hópurinn fundaði fjórum sinnum, auk þriggja símafunda. Hópfélagar skiptu með sér verkum og skoðuðu sérstaklega einstaka málaflökka milli funda. Með hópnum starfaði Katrín María Andrésdóttir framkvæmdastjóri Sambands garðyrkjubænda og Rebekka Hilmarsdóttir lögfræðingur í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu var tengiliður hópsins við ráðuneytið.

Með vísan til erindisbréfsins sem hópnum var sett var fjallað með víðtækum hætti um búsetuskilyrði og innviði í dreifðum byggðum. Má í raun segja að tillögur hópsins snerti mun fleiri svið en landbúnað einvörðungu.

Starfshópurinn vill koma á framfæri þökkum til allra þeirra fjölmörgu sem veitu upplýsingar og ráðgjöf vegna þessarar samantektar.

Það er von hópsins að tillögur þær sem hér koma fram megi nýtast, ásamt öðrum, til raunhæfra og nauðsynlegra byggðaaðgerða sem og við gerð áætlana á þeim vettvangi.

## Samantekt

Þeim tillögum sem fram koma í þessari skýrslu má í raun skipta í tvo flokka, þó vissulega geti verið skörun milli flokkanna hvað varðar útfærslu einstaka verkefna og aðgerða.

Annars vegar er um að ræða tillögur er snerta uppbyggingu innviða og úrbætur varðandi búsetuskilyrði í dreifbýli. Hins vegar eru settar fram tillögur sem miða að aukinni skilvirkni og betri nýtingu þeirra innviða og úrræða sem fyrir eru. Sumar þær tillögur fela ekki í sér raunverulegan kostnað til lengri tíma og dæmi eru um tillögur þar sem bent er á að ná megi fram sparnaði og hagræðingu.

Þær tillögur sem fela í sér marktæka uppbyggingu innviða fela augljóslega í sér kostnað og oft verulegan enda nauðsynlegt að setja aukinn kraft í þau verkefni. Samrýmast þær tillögur ýmsum öðrum áætlunum sem finna má í opinberri stefnumótun.

Helstu áherslur og tillögur starfshópsins varðandi þennan flokk lúta meðal annars að:

- Markvissum áframhaldandi stuðningi við byggðarlög sem skilgreind hafa verið sem „brothættar byggðir“ í þeim farvegi sem verið hefur. Stuðningurinn verði hins vegar aukinn verulega og fleiri byggðarlögum gefið færi á þátttöku.
- Stórfelldu átaki í samgöngumálum og fjarskiptum.
- Afhendingaröryggi raforku og að aðgangur að þrífasa rafmagni verði tryggður og upprunavottorð innlendrar orku verði í samræmi við raunverulegan uppruna.

Þær tillögur hópsins sem snúa að breytingum á fyrirkomulagi, lagalegri umgjörð og aukinni skilvirkni með nýtingu fyrirbyggjandi úrræða og innviða eru m.a.:

- Gerðar verði breytingar á skattkerfi og námslánakerfi í því skyni að styrkja stöðu þeirra sem búa og starfa í dreifbýli á heilsársgrundvelli. Markmiðið með breytingunni er að laða fleiri til búsetu og bæta búsetuskilyrði í dreifðari byggðum.
- Gerðar verði breytingar á eftirliti með atvinnustarfsemi í dreifbýli (Vinnueftirlit, heilbrigðiseftirlit, eldvarnareftirlit o.fl.) og til verði ein rekstrareining í hverjum landshluta sem hafi þau verkefni með höndum og samræmingu þeirra. Með því eykst skilvirkni og dregur úr kostnaði, bæði fyrir þá sem annast eftirlitið og þá sem starfrækja eftirlitsskylda starfsemi.
- Lögð verði megináhersla á stuðning við vöruþróun, frumkvöðla- og nýsköpunarverkefni í dreifbýli sem fela í sér virðisaukandi starfsemi og/eða úrvinnslu afurða. Skilgreiningar á þeim verkefnum, sem stutt er við úr atvinnulífssjóðum, verði rýmkaðar svo efla megi svæðisbundna nýsköpun, umsvif og atvinnusköpun í dreifbýli. Jafnframt verði heimilt að styðja kaup á nauðsynlegum búnaði og tækjum, að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Farvegur fyrir þennan stuðning verði í höndum Framleiðnisjóðs.
- Mikilvægt er að skýra hlutverk tollverndar á landbúnaðarvörum sem er fyrir hendi í öllum samkeppnislöndum Íslands og draga úr þeim ágreiningi sem virðist vera um hana innanlands. Mikilvægt er að tollvernd verði ekki gefin eftir.
- Sífellt verði hugað að menntun og endurmenntun í landbúnaði á framhalds- og háskólastigi og komið verði á fót styttri námsleiðum í búfræði á framhaldsskólastigi sem gefa nemendum möguleika á margvíslegu framhaldsnámi á vettvangi landbúnaðar og víðar.

Þar sem fjárhagslegar afleiðingar þeirra tillagna sem lagðar eru fram í skýrslunni liggja ekki fyrir áréttáði fulltrúi fjármála- og efnahagsráðuneytisins mikilvægi þess að kostnaðarmat færi fram um tillögurnar enda væri fjármögnun þeirra háð stöðu ríkisfjármála og ákvörðun Alþingis um fjárveitingar til málefna sviða og málaflokka. Þau ráðuneyti sem bera ábyrgð á hlutaðeigandi

málefnasviðum þurfa jafnframt að leggja sjálfstætt mat á tillögurnar og þar með hvort þeim verði forgangsraðað í samræmi við stefnu hvers málefnasviðs og innan ramma viðkomandi málaflokka.

Nánari umfjöllun um framangreindar tillögur og fleiri er að finna í skýrslunni.

# 1. Efling framleiðslu

Nauðsynlegt er að efling og aukning framleiðslu byggist á markaðslegum forsendum, þar sem saman fer hagkvæm og skilvirk nýting framleiðsluþátta og markvisst markaðsstarf. Íslenskar landbúnaðarvörur eru gæðavörur, framleiddar við góð og eftirsóknarverð skilyrði. Slíkar eiga að skipa verðugan sess með öðrum vönduðum afurðum þar sem hver hlekkur í ferlinu fær sanngjarnan hlut.

Efling framleiðslu í íslenskum landbúnaði er einn af hornsteinum byggðar og byggðafestu til framtíðar. Þau störf sem íslenskur landbúnaður skapar og getur skapað eru einkar fjölbreytt og henta vel ólíkum þörfum einstaklinga á vinnumarkaði, þar sem um getur verið að ræða árstíðabundin störf, hlutastörf og störf með námi, auk hinnar hefðbundnu útfærslu þar sem bændur sinna öflugum rekstri í eigin fyrirtækjum, sem oftast en ekki byggja á flókinni tækni og störfum fyrir menntað fólk á sviði búvísinda.

Tillögur:

- Verulega aukinn stuðningur verði við vöruþróun og nýsköpun í landbúnaði með tilstuðlan Framleiðnisjóðs og annarra atvinnulífssjóða og sóknaráætlana landshluta. Sérstaklega verði horft til þess að fjárstuðningi fylgi ráðgjöf við þau verkefni sem styrkt eru hverju sinni. Velja má tímabundin og/eða svæðisbundin áhersluatriði við val á verkefnum. Leiðandi aðilar í þessu starfi í öllum landshlutum verði Landbúnaðarháskólinn, Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins og MATÍS.
- Aukinn stuðningur verði við fjölbreyttari ræktun nytjajurta, bæði til mannelis, búfjárelis og vinnslu. Horft verði þar til stuðnings við nýsköpun, virðisaukningu og nýtingu innlendra orkugjafa til ræktunar og framleiðslu.
- Veitt verði sérstakt framlag til Landbúnaðarháskólans og Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins til að vinna að eflingu ræktunar og framleiðslu og virðisaukningu hennar sem og að stuðningi við nýliðun og ættliðaskipti á bújörðum. Matvælaframleiðsla verði þannig sett í forgang ásamt annarri heilsársstarfsemi sem stuðlar að bættum búsetuskilyrðum og jákvæðri íbúáþróun.
- MATÍS standi fyrir öflugri starfsemi í matvælavinnslu í öllum landshlutum þar sem bændur geti unnið að vöruþróun með leiðsögn og stuðningi. Einnig verði þar aðstaða til framleiðslu í framhaldinu þar til grundvöllur skapast hjá viðkomandi fyrir eigin aðstöðu.



Víða liggja tækifæri til aukinnar ræktunar og ýmiss konar úrvinnslu afurða

## 2. Úrvinnsla matvæla – virðisauki og vöruþróun

Lykilatriði við eflingu framleiðslu í íslenskum landbúnaði er að meiri og fjölbreyttari úrvinnsla fari fram um land allt. Í úrvinnslu matvæla liggja margvísleg tækifæri þar sem nýta má hliðar- og aukaafurðir, draga úr sóun, minnka kolefnisfótspor og önnur neikvæð umhverfisáhrif, fjölga störfum, bæta afkomu bænda og virðisaukningu framleiðslunnar á öllum stigum.

Tillögur:

- Í hverjum landshluta verði ein eftirlitsstofa þar sem fram fer opinbert eftirlit sem nú er sinnt af mörgum aðilum (Vinnueftirlit, heilbrigðiseftirlit, eldvarnaeftirlit, eftirlit með vinnustaðaskírteinum Vinnumálastofnunar o.s.frv.). Með því mætti fækka verulega eftirlitsferðum á hvert býli, draga úr kostnaði allra og öðlast betri yfirsýn yfir umgjörð framleiðslunnar.
- Gert verði átak í að draga fram og efla ráðgefandi hlutverk MAST í því skyni að hvetja til vandaðrar og virðisaukandi úrvinnslu afurða, beinnar sölu á vöru og þjónustu á borð við þá starfsemi sem fram fer undir merkjum samtakanna Beint frá býli.
- Umhverfisráðuneytinu verði falið að leiða vinnu innan stjórnáætlunnar við að fara skipulega yfir lagalegt umhverfi framleiðslunnar og gerðar breytingar í því skyni að draga úr kostnaði, gera það einfaldara, skilvirkara og hagkvæmara fyrir alla aðila.
- Gert verði átak í því að styðja við vöruþróun, nýsköpun og ráðgjöf til íbúa í sveitum, sbr. lið nr. 1 og auka aðgengi og möguleika slíkra verkefna hjá þeim fjölmörgu atvinnulífssjóðum sem hið opinbera starfrækir og stuðla að þverfaglegu samstarfi ólíkra starfsgreina.

## 3. Uppbygging innviða

Forsenda áframhaldandi uppbyggingar atvinnustarfsemi í dreifbýli er að uppbygging innviða fylgi þeim kröfum sem nútíminn gerir um starfsumhverfi atvinnulífsins og búsetuskilyrði, lífsgæði og umgjörð fyrir íbúana.

Hér á eftir verður farið yfir nokkra megináhersluþætti varðandi innviði og nauðsynlega uppbyggingu þeirra. Vert er að geta þess að upptalningin er hvergi tæmandi; þannig er t.d. ekki fjallað sérstaklega um heilbrigðisþjónustu, menntamál o.fl. þó vissulega séu það einmitt þættir sem eiga ríkan þátt í búsetuvali og lífsgæðum fólks.

### a) Samgöngur

Með vaxandi fjölda ferðafólks og aukningu umferðar um land allt, árið um kring er nauðsynlegt að gera stóráttak í þessum efnum. Nauðsynlegt er að stýra og dreifa umferð og aðsókn ferðafólks um landið í því skyni að vernda viðkvæm svæði, byggja upp öflugan ferðaþjónustustarfsemi um land allt og gera upplifun þeirra sem landið heimsækja ánægjulegri. Brýnt er að vinna með markvissum forvörnum gegn þeirri aukningu umferðarslysa sem orðið hefur.

Sú samþjöppun sem orðið hefur í opinberri starfsemi og þjónustu og aukin vinnusókn íbúa um lengri veg, innan og utan sinna búsetusvæða kallar einnig á stórfelldar úrbætur í þessum málaflokki.

- Við endurskoðun samgönguáætlunar verði tekið tillit til þeirrar þróunar sem orðið hefur í vinnusókn, opinberri þjónustu, ferðaþjónustu og þeirri stefnu sem ætlunin er að hafa uppi varðandi búsetu um landið allt.

- Veita þarf til muna auknu fé til samgangna. Leggja þarf aukna áherslu á þarfagreiningu og markvissa forgangsröðun vegna framkvæmda, þar sem nauðsynlegt og fyrirbyggjandi viðhald getur komið í veg fyrir aukinn kostnað á síðari stigum.
- Leita þarf leiða til að draga úr kostnaði íbúa á landsbyggðinni vegna ferðalaga með innanlandsflugi. Ljóst er að kostnaður fólks á landsbyggðinni sem háð er flugsamgöngum er gríðarlegur. Margvísleg þjónusta á vegum ríkisins stendur einungis til boða á höfuðborgarsvæðinu, má þar fyrst nefna alls konar sérhæfða heilbrigðisþjónustu, svo og hvers kyns menningu og afþreyingu sem studd er með opinberum framlögum landsmanna allra. Kostnaður við að sækja þjónustu eða heimsækja ættingja og vini er verulegur ef nýta þarf flugsamgöngur. Dýrt innanlandsflug getur dregið mikið úr áhuga fólks á að velja sér búsetu á landsbyggðinni. Á sama hátt og aukinn fjöldi ferðamanna kallar á stærri flugstöð, kallar það einnig á bættar samgöngur innanlands, þ.m.t í flugi. Velja má ýmis konar leiðir til fjármögnunar, en allir ættu að hagnast á því að bæta samgöngur í lofti, innanlands.
- Taka þarf upp komugjald í alþjóðaflugi sem myndi að hluta standa undir uppbyggingu innanlandsflugs. Þannig verður landið allt aðgengilegt fyrir ferðafólk og íbúa með flugsamgöngum án þess að kostnaður hvers og eins verði óhæfilegur. Á þann hátt næðist einnig að dreifa ferðafólki meira og betur um landið en slíkt er afar nauðsynlegt þar sem sum svæði eru að verða fullnýtt. Bæta mætti flugsamgöngur innanlands til hagsbóta fyrir alla íbúa landsins með þessu móti.

## b) Fjarskipti

Þátttaka íbúa í dreifbýli í nútímasamfélagi og möguleikar þeirra til að veita og þiggja þjónustu og höndla með vörur, veltur einkum á samgöngum og fjarskiptum. Sífellt færast í vöxt að störf séu þess eðlis að þau megi vinna hvar sem er, svo lengi sem aðgangur að fjarskiptum og vefsamskiptum sé góður.

Tillögur:

- Ljúka þarf og herða á lagningu og tengingu við ljósleiðara / háhraðatengingar um land allt. Verkinu verði lokið í síðasta lagi árið 2020.
- Áriðandi er að byggja upp öflugt farnet jafnhliða uppbyggingu háhraðanets. Með farneti er átt við netsamband fyrir snjalltæki.
- Miða þarf opinber verkefni og þjónustu við íbúa í dreifðum byggðum við að unnt sé að nýta fjarskipti í auknum mæli. Með því eykst raunverulegt aðgengi að þjónustunni, án þess að tilkostnaður aukist með sama hætti.

## c) Raforka

Margvísleg atvinnustarfsemi byggir á raforku og er afhendingaröryggi þar lykilatriði. Ódýr og endurnýjanleg orka er auðlind sem Íslendingar eiga að nýta til að styrkja samkeppnisstöðu sína og byggja upp og viðhalda samkeppnisforskoti þar sem það er mögulegt.

Tillögur:

- Byggja áfram upp dreifikerfið og leggja þar aukna áherslu á afhendingaröryggi. Þar sem sannarlega er fyrirhuguð atvinnuuppbygging í byggð skal tryggja aðgang að þriggja fasa rafmagnni án sérstaks kostnaðar fyrir orkunotendur.
- Innlend orkufyrirtæki hætti þegar að selja upprunavottun íslenskrar raforku, svo allar afurðir sem unnar eru með innlendri orku geti vottast sem „hreinar“. Þannig verði stuðlað að ræktun hreinleikaímyndar þeirrar sem Ísland og íslenskar vörur hafa.



Sjá nánar t.d.:

[http://www.on.is/sites/default/files/upprunaabyrgd\\_raforku\\_orku\\_naturunnar\\_19-06-2014.pdf](http://www.on.is/sites/default/files/upprunaabyrgd_raforku_orku_naturunnar_19-06-2014.pdf)

- Aukinn verði stuðningur og niðurgreiðslur við flutning og dreifingu raforku til ylræktar, matvælavinnslu og annarrar atvinnustarfsemi í dreifbýli, enda falli sú starfsemi að þeim markmiðum sem sett hafa verið um aukna sjálfbærni í sveitum.



Íslensk jarðarber eru nú á boðstólnum stærri hluta ársins en áður var

#### **d) Byggðaaðgerðir - Brothættar byggðir – sértækur stuðningur**

Stjórnvöld þurfa að taka afgerandi afstöðu varðandi viðhald byggða á Íslandi. Í stað aðgerða sem eru viðleitni til að bæta upp hluta þeirrar hnignun sem víða er í búsetuskilyrðum, þarf aðgerðir sem raunverulega snúa þróuninni við. Langvarandi óheillaþróun í þessum efnum veldur því að nú þarf að bregðast við með mjög afgerandi hætti.

Nefndin leggur ríka áherslu á að verkefnið „Brothættar byggðir“ verði eflt og styrkt til muna. Auknu fé verði veitt til verkefnisins og fleiri byggðalögum gert kleift að taka þátt í verkefninu. Stjórnvöld beiti sértækum stuðningi með markvissum hætti þar sem þörf krefur hverju sinni og vinni markvisst með heimafólki á hverjum stað svo stuðningurinn nýtist sem best.

## **4. Úrræði til að treysta fjárhag bænda**

Margvíslegar leiðir eru færar til að styrkja afkomu og fjárhag bænda en mikilvægast er að þær afurðir sem framleiddar eru skili góðu verði og sanngjörnum hlut til bænda.

Mikilvægt er að Íslandsstofa í samstarfi við hagsmunaaðila styðji með öflugum hætti við áframhaldandi markaðsstarf á mörkuðum sem vilja og geta greitt gott verð fyrir hreinar, ferskar landbúnaðarvörur.

Tillögur:

- Styrkja þarf það starf atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins og annarra ráðuneyta sem miðar að því að tryggja sókn á erlenda, vel borgandi markaði.
- Nauðsynlegt er að styrkja og fylgja eftir lögum og reglum um heiðarlega viðskiptahætti og neytendavernd og jafna þannig þann aðstöðumun sem bændur sem birgjar hafa búið

við gagnvart starfandi verslunar- og þjónustufyrirtækjum. Almennu ætti að styrkja samkeppnisstöðu smáfyriertækja í landinu og auka gagnsæi í viðskiptum. Fara þarf sérstaklega yfir löggjöf með það fyrir augum.

- Mikilvægt er að skýra hlutverk tollverndar á landbúnaðarvörum sem er fyrir hendi í öllum samkeppnislöndum Íslands og draga úr þeim ágreiningi sem virðist vera um hana. Mikilvægt er að tollvernd verði ekki gefin eftir.
- Hagtölusöfnun verði eflað á nýjan leik, m.a. með vísun til nýrra búvörusamninga og sérstakt fjármagn tryggt til þeirra verkefna.
- Vinnu verði flýtt við að koma á fót hamfarasjóði, við niðurlagningu A deildar Bjargráðasjóðs, sem tekið getur á með þeim sem lenda í óvæntum ræktunar- og / eða rekstraráfallum sem rekja má til ófyrirsjáanlegra atburða á borð við náttúruhamfarir, veðurvá, sjúkdóma (í dýrum og/eða plöntum) o.s.frv.
- Kynna þarf betur þau fjármögnunarúrræði sem bændum og öðrum standa til boða vegna verkefna í dreifbýli; má þar nefna fjárfestingastefnu og lánveitingar lífeyrissjóða, lán og lánaábyrgðir Bygðastofnunar og fjármálastofnana sem starfa á almennum markaði.

## 5. Nýliðun og ábúendaskipti á bújörðum

Íslenskir bændur eiga það sameiginlegt með ýmsum öðrum starfsstéttum að þar fer meðalaldur hækkandi. Eitt af því sem hlýtur að þurfa að skoða eru þær inngönguhindranir sem miklar fjárfestingar hafa í för með sér og hvernig megi yfirvinna þær.

Tillögur:

- Kynna þarf meðal ungs fólks valkosti varðandi búsetu í dreifbýli í því skyni að laða fleira ungt fólk til búsetu þar.
- Efla þarf lánaábyrgðir Bygðastofnunar og verkefni á borð við Svanna (lánasjóð kvenna), þar sem hið opinbera veitir lánsábyrgð að uppfylltum ákveðnum skilyrðum í því skyni að betri vaxtakjör fái til frumkvöðulsins.
- Aðstoða þarf íslenska bændur við að koma á fót afleysingaþjónustu, bæði með því að marka slíku starfi fjárhag og skapa starfinu umgjörð og metnað.
- Leggja þarf áherslu á að búseta haldist á jörðum og endurmeta þarf að þessu leyti stefnu á sviði jarðarmála ríkisins. Tryggja þarf að ríkisjarðir geti staðið undir nútímalandbúnaði og greiða fyrir ábúendaskiptum.
- Gera þarf úttekt á valkostum um ráðstöfun ríkisjarða út frá byggðarsjónarmiðum og kostum og göllum ábúðarkerfisins með tilliti til þróunar landbúnaðarins og atvinnulífs í dreifðum byggðum ( stærri býli, auknar fjárfestingar, nýjar búgreinar, ferðaþjónusta).
- Draga þarf fram samfélagslegt gildi ábúðarkerfisins fyrir íslenskan landbúnað og hvernig ábúðarkerfið veitir ungum bændur tækifæri til að hefja búskap.
- Mikilvægt er að atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið ráðist þegar í endurskoðun ábúðarlaga nr. 80/2004 og tryggja þarf með eftirliti að eftir þeim sé farið og að þau gildi um alla ábúð á bújörðum, óháð eignarhaldi viðkomandi jarðar.



Sauðfjárnætur framfíðarinnar virða fyrir sér búsmalann.

## 6. Umgjörð menntunar og þekkingar á sviði landbúnaðar

Nauðsynlegt er að sú menntun og miðlun þekkingar sem leggur grunninn að öflugum landbúnaði verði ætíð góð, fagleg og aðgengileg fyrir nemendur. Markviss sí- og endurmenntun er einnig lykilatriði varðandi áframhaldandi framfarir í greininni og persónulega færni þeirra sem í landbúnaði starfa.

- Koma þarf upp undirbúningsnámi í búfræði í framhaldsskólum þar sem lögð er áhersla á námsgreinar sem nýtast vel sem grunnur að landbúnaðarnámi. Nú þegar er boðið upp á undirbúningsnám í búfræði við Menntaskólann í Borgarnesi, í samstarfi við Landbúnaðarháskólann. Þjóða þarf upp á slíkt nám í framhaldsskólum í öllum landsfjórðungum þar sem þegar eru kenndir margir áfangar sem nýtast vel sem grunnur að landbúnaðarnámi. Einnig þarf að þjóða upp á grunnáfanga í búfræði og kynningu á landbúnaði.
- Auka þarf fjármagn til landbúnaðar- og búfræðináms á Hvanneyri / Reykjum í Ölfusi og að Hólum í Hjaltadal svo hægt sé að efla námið og anna aukinni aðsókn, nauðsynlegt er að fleiri nemendur geti numið almenna búfræði, bæði á framhalds- og háskólastigi á ári hverju.
- Koma þarf á fót þrepaskiptu námi í landbúnaði, bæði grunnfræðslu og sérhæfðri, þar sem áhersla er lögð á styttri námsleiðir og gott aðgengi, sem og möguleika hvers og eins til að halda áfram allt upp á háskólastig.
- Styðja skal sérstaklega við nýsköpunar- og þróunarverkefni þar sem um er að ræða þverfaglegt samstarf landbúnaðargreina við aðrar faggreinar.
- Raunfærnimat verði tekið upp í búfræðinámi.
- Bændasamtök Íslands gangist fyrir þarfagreiningu á menntaþörf í sveitum svo sníða megi framboð náms og endurmenntunar að þörfum greinarinnar.
- Áfram þarf að huga að aðgengi landsmanna að sí- og endurmenntun og styðja við notkun tæknilegra lausna með fræðslu og ráðgjöf sem m.a. hefur verið í boði hjá Símenntunarmiðstöðvum og Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins.



Mikil þróun hefur orðið í mjólkurframleiðslu héraendis síðustu ár

## 7. Önnur áhersluatriði

Meðal hugmynda sem hafa verið til umræðu undanfarin ár er að nýta skattkerfið, ívilnanir og námslánakerfið sem byggðaaðgerðir til að treysta búsetugrundvöll í dreifbýli, ekki síst til að laða ungt fólk til búsetu í landsbyggðunum. Um þetta geta verið skiptar skoðanir. Annars vegar eru ríkjandi sjónarmið að ekki sé heppilegt að flækja skattkerfið, mismuna með sértækum aðgerðum innan þess eða grípa til ráðstafana sem kalla á kostnaðarsamt eftirlit. Hins vegar hefur verið bent á að nágrannaþjóðir hafi gengist fyrir aðgerðum af sambærilegum toga sem borið hafi árangur og nauðsynlegt sé að nýta sem flest úrræði til að snúa við neikvæðri þróun í íbúafjölda og aldurssamsetningu á einstökum svæðum.

Í þessum kafla er því fjallað um þær hugmyndir sem upp komu í hópnum vegna framangreindra atriða, án þess að þeim sé í sjálfu sér forgangsraðað eða leitt til endanlegrar niðurstöðu hvaða leið skuli valin. Hópurinn er sammála um að allur stuðningur og sértækar aðgerðir skuli vera með gagnsæjum hætti svo nýta megi stuðninginn sem best og skapa nauðsynlegt traust um aðgerðirnar.

### a) Skattaívilnanir

- Skoða þarf kosti og galla þess að mæla fyrir skattaívilnunum til að treysta innviði og búsetu í sveitum til að auka atvinnuþróun á slíkum svæðum.
- Í stað skattaívilnana væri einnig hægt að horfa í auknum mæli til beinna styrkja á fjárlögum til atvinnuþróunar sem styður vel við kröfur um aukið gagnsæi og jafnræði við úthlutun á opinberu fé. Auknar sérreglur eru oft ógagnsæjar og geta jafnframt dregið úr skilvirkni skattkerfisins.
- Skoða þarf leiðir varðandi fyrningu, endurgreiðslu virðisaukaskatts og eldsneytisgjalda, skattaívilnanir o.fl., þegar um er að ræða fjárfestingar nýrra bænda/íbúa í sveitum.
- Sett verði sérstök ákvæði sem greiða fyrir ættliðaskiptum á bújörðum. Þá geti seljandi ráðastafað söluhagnaði í séreignarsjóð.
- Við ættliðaskipti fái kaupandi sérstakan afskriftastofn sem viðurkenningu vegna þeirra kvaða sem hún/hann tekur á sig og sem hvatningu til að standa vel að rekstri og auka verðmæti hans.



- Tengja þarf aðgerðir beint við einstaklinga – það hefur sterkari áhrif á búsetuval en framlög til einstakra svæða.
- Horft verði til þess að tryggingagjald vegna starfsemi á ákveðnum svæðum / sveitarfélögum verði almennt lægra en gerist. Bæði má ætla að þeim aðgerðum yrði beitt tímabundið í því skyni að efla ákveðna starfsemi eða svæði eða til lengri tíma.

## b) Ívilnanir vegna námslána

- Gerð er tillaga um að einstaklingar sem sannarlega búa og starfa árið um kring, á svæðum sem skilgreind hafa verið sem brothættar byggðir, greiði 30% af reiknaðri greiðslu af námslánum, eftirstöðvar hvernar greiðslu falli niður. Þetta fyrirkomulag haldist á meðan viðkomandi býr á svæði sem fellur undir fyrrgreinda skilgreiningu um brothætta byggð. Lögð yrði sú skylda á herðar þeim sem úrræðisins njóta að þeir afli staðfestingar um starf og búsetu frá viðkomandi sveitarfélagi.
- Veittur verði afsláttur af endurgreiðslu námslána til þeirra sem sannarlega búa og starfa, árið um kring, á svæðum sem eru í meira en 100 km akstursfjarlægð frá höfuðborgarsvæðinu, jafnvel þó viðkomandi sveitarfélag / svæði falli ekki undir skilgreiningu um „brothættar byggðir“.

## c) Sérstakur stuðningur við frumkvöðla- og nýsköpunarstarfsemi í dreifbýli

- Fara þarf yfir samþykktir og úthlutunarreglur hjá sjóðum sem styðja við frumkvöðla- og nýsköpunarstarfsemi og rýmka verulega skilgreiningar á því hvað fellur undir slíkt starf. Auka þarf beinan stuðning við virðisaukandi starfsemi, verkefni sem auka umsvif og störf og svæðisbundna nýsköpun.
- Veita þarf beina styrki til frumkvöðla- og nýsköpunarverkefna í dreifbýli, s.s. í úrvinnslu matvæla og árlega verði ákveðin upphæð til reiðu fyrir þessi verkefni, þar sem hver frumkvöðull getur mest sótt um einu sinni á ári og þá skilgreinda hámarksupphæð. Horft verði til þess að viðbótarfjármagni verði veitt í þetta verkefni eða hluta af þeim framlögum sem runnið hafa til nýsköpunar- og atvinnulífssjóða verði ráðstafað með þessum hætti. Framleiðnisjóður haldi utan um verkefnið sem verði árangursmetið að fimm árum liðnum.
- Veitt verði heimild til að styrkja búnaðar- og tækjakaup í frumkvöðla- og nýsköpunarverkefnum að settum ákveðnum skilyrðum. Sérhæfður tækjabúnaður er oft skilyrði fyrir því að hrinda megi verkefnum í framkvæmd og oft stranda verkefnið á því að ekki tekst að fjármagna þennan þátt í upphafi eða að fjárfestingin er svo íþyngjandi að ekki gefst svigrúm til að þróa og reka verkefnið í framhaldinu.

## d) Skipulagsmál

Forræði skipulagsmála er á höndum sveitarfélaga en Alþingi samþykkti Landsskipulagsstefnu fyrir 2015-2026 í mars sl. (Sjá: <http://www.landsskipulag.is/>). Í framhaldinu er nú t.d. hafin kortlagning á þjónustu sem í boði er á hálendinu. Nauðsynlegt er að tryggja aðgengi bænda að landi og að nýta til landbúnaðar það land sem best hentar til þeirra nota. Með niðurfellingu svæðisskipulags miðhálandisins voru settar í uppnám fyrirhugaðar lagnaleiðir raforkuflutningskerfis sem voru á staðfestum uppdrætti svæðisskipulags.

Tillögur:

- Auka þarf samræmi milli stefnumörkunar landsskipulagsstefnu á hálendi og láglandi er varðar raforkuflutningskerfi.

- Tryggja þarf aðgang bænda að landi og horft verði sérstaklega til þess í skipulagsvinnu opinberra aðila og sölu á jarðnæði í eigu hins opinbera.
- Við skipulagsvinnu sveitarfélaga verði í auknum mæli forgangsraðað í þágu heilsársbúsetu og spornað gegn tilhneigingu til uppkaupa á landi sem ganga gegn markmiði um styrkingu búsetu.

### e) Flutningskostnaður

Byggðastofnun annast umsjón og úthlutun styrkja vegna jöfnunar flutningskostnaðar samkvæmt lögum nr. 160/2011.

Sjá einnig nánar: <http://www.byggdastofnun.is/is/verkefni/flutningsjofnunarstyrkir>

Tillögur:

- Lagt er til að skipaður verði starfshópur sem hafi það hlutverk að endurskoða reglur um flutningsjöfnunarstyrki m.t.t. þeirrar reynslu sem nú er komin af verkefninu. Vert er að skoða sérstaklega styrki vegna útvegunar aðfanga til framleiðslu og þá hvort rétt sé að veita stuðning vegna fleiri afurða og aðfanga en þeirra sem falla undir bálk C í ISAT flokkuninni.

### f) Póstþjónusta

Þróun pósthjónustu í dreifbýli hefur valdið íbúum þar og þeim sem við þá hafa samskipti miklum vonbrigðum. Mikilvægt er að koma þessum málum í betra horf þannig að afhendingaröryggi aukist og tíðni flutninga einnig, án aukins tilkostnaðar.

Tillögur:

- Lagt er til að öðrum aðilum verði falið það starf sem Íslandspósti hefur verið ætlað að sinna þar eð fullreynt virðist að fyrirtækið megni að bregðast við þeirri gagnrýni sem notendur í dreifðum byggðum hafa sett fram varðandi þjónustuna.
- Skoða þarf hvort löggjöfin sé hamlandi og hindri að fara megi skilvirkar leiðir í að bæta þjónustu, t.d. með því að nýta þær ferðir sem farnar eru um dreifbýli af öðrum aðilum.